

Hvað er smiðjuhelgi?

Smiðjuhelgi:

- Er samstarfsverkefni á milli þriggja grunnskóla í Árneshöfði.
- Er list- og verkgreinaval í námskeiðsformi.
- Verður haldin fjórum sinnum yfir skólaárið á mismunandi stöðum og með rúllandi skipulagi á nýju skólaári.
 - Hugmyndir að dagsetningum eru:
 - Kerhólsskóla - september
 - Reykholti - nóvember
 - Reykjavík – janúar - *vettvangsferð*
 - Laugarvatni - maí
 - *Birt með fyrirvara um breytingar*
- Verður frá klukkan 12:00 á fimmtudegi til klukkan 18:00 á föstudegi, gist verður eina nótt.
- Með samvinnu skólanna er hægt að bjóða upp á spennandi námskeið og fjölbreyttara val heldur en hver og einn skóli getur boðið upp á.
- Svona smiðjuhelgi eykur líkurnar á að það vikki sjóndeildarhring hvers og eins nemanda.
- Reynt verður að fá bestu kennara og leiðbeinendur sem völ er á hverju sinni, fyrir hverja smiðju fyrir sig.

Ferlið:

- Nemendur koma með hugmyndir að námskeiðum.
- Umsjónarskóli vinnur úr hugmyndum nemenda.
- Nemendur velja fyrsta og annað val.
- Umsjónarskóli raðar í smiðjur.
- 10. bekkingar ganga fyrir í fyrsta val.
- 7 - 8 smiðjur hverja smiðjuhelgi sem er breytileg eftir óskum nemenda.

Dæmi um smiðjur sem hafa verið annarstaðar:

- Torfhleðsla
- Amerískur fótbolti
- Street dance
- Járnsmíði
- Tie Dye

- Erlend matargerð
- Björgunarsveitarsmiðja
- Og hvað eina sem nemendur hafa áhuga á og koma á framfæri.

Umsjón:

- 2-3 kennarar frá hverjum skóla verða á vaktinni.
- Svona skemmtilegt skólastarf veltur á samstarfi heimila og skóla og er mikilvægt að foreldrar séu tilbúnir að taka þátt í þessu verkefni með okkur.

Annað:

- Þetta þróunarverkefni hófst skólaárið 2017-2018 með fjórum skólum í Árnesþingi. Ári síðar ákvað einn skólinn að draga sig í hlé og áfram héldu Kerhólsskóli, Grunnskóli Bláskógabyggðar Laugarvatni og Reykholti. Starfsfólk skólanna hefur séð að þetta verkefni hefur gefið nemendum ýmis tækifæri á námi sem að öðrum kosti hefði ekki verið hægt að veita þeim í skólanum sínum. Við óskum þess að gott samstarf verði á milli heimila og skóla, að foreldrar tali jákvætt um þetta þróunarverkefni og hvetji sín börn til að taka þátt. Við getum þetta ekki án ykkar aðstoðar og þetta verkefni er hugsað til að veita nemendum bestu mögulegu tækifæri á að læra eitthvað framandi og nýtt og dýpka þekkingu sína enn betur í því sem þau kunna. Við setjum nemendur ávalt í forgrunn og viljum þeim aðeins það besta sem völ er á.
- Við látum hér fylgja með vefslóðina um *Lög um grunnskóla* ef einhverjir vilja lesa sig til um það <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>
- Ef einhverjar spurningar koma upp endilega hafið samband við okkur og við útskýrum smíðjuhelgarnar og hugmyndafræðina enn betur.

Kærar kveðjur

Fyrir hönd starfsfólks Kerhólsskóla

Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri